



Ávarp stjórnarformanns



Kæru hluthafar og aðrir gestir

Rekstur Íslandsbanka gekk vel á síðasta ári og árið var á margan hátt árangursríkt. Eftir krefjandi tímabil heimsfaraldurs varð banka-starfsemi hefðbundin á ný. Þó það virðist nokkuð fjarlægt í dag, þá var það í upphafi síðasta árs sem starfsfólk gat mætt aftur til vinnu og atvinnulífið tók við sér á ný. Fyrirtæki landsins sýndu einstakan þrótt og starfsfólk bankans lagði sig fram við að aðstoða viðskiptavinum eftir fremsta megni.

Íslenskt efnahagslíf var krefjandi á síðasta ári líkt og um allan heim. Víða gætti enn áhrifa heimsfaraldurs þegar sorglegt stríð í Úkraínu hófst, sem hefur haft víðtæk áhrif. Afleiðingarnar hafa m.a. verið aukin dýrtíð á heimsvísu og hefur Ísland ekki farið varhluta af því. Nýlega rauf verðbólgan hér 10% múrinn þegar hún mældist 10,2% og hefur ekki verið meiri í rúman áratug. Þó svo að við búum vel með endurnýjanlega orku, í samanburði við aðrar þjóðir sem búa við hækkandi orkuverð, finnum við fyrir áhrifum þeirra hækkana í alþjóðaviðskiptum, sem hefur haft áhrif á innlent verðlag.

En það er margt jákvætt í íslensku atvinnulífi og er endurkoma ferðabjónustunnar sem lykluflutningsgreinar slíkt fagnaðarefni. Sú endurkoma hefur skipt þjóðarþúið miklu máli og ört vaxandi gjaldgætur greinarinnar hafa að verulegu leyti vegið gegn vaxandi halla á vöruviðskiptum. Í þjóðhagsspa bankans er áfram gert ráð fyrir því að útflutningur verði í lykilhlutverki með fjölgun ferðamanna, útflutningi á hugverkum og annarrar þjónustu sem og stóru auknum útflutningi á eldisfiski.

Öflugur rekstur

Árið 2022 var rekstrarlega mjög gott hjá bankanum. Lánasafnið er gott og arðsemi eigin fjár hefur verið yfir markmiðum bankans. Tekjur af kjarnastarfsemi hafa haldið áfram að vaxa og dregið hefur verið úr kostnaði. Leitað hefur verið eftir tækifærum til hagræðingar og með aukinni stafrænni sölu og stafrænum ferlum hefur kostnaður minnkað. Gæði eigna eru mikil og útlán bankans með góða veðstöðu. Rekstur bankans er ábyrgur og það er ánægjulegt að sjá hvernig sjálfbærni er samofin allri starfsemi í daglegum ákvörðunum.

Hækkun stýrivaxta Seðlabankans hefur mikil áhrif á viðskiptavinum bankans. Skilaboð Seðlabankans voru mjög skýr til fjármálaframtækja um að skila stýrivaxtahækkunum í verðlagningu sinni, þannig að hækkarnir hefðu tilætluð áhrif. Við sjáum áhrifin koma allsterkt fram á húsnæðismarkaði, þó enn séu verðhækkarnir á öðrum vígstöðvum. Áfram er því gert ráð fyrir frekara aðhaldi Seðlabankans þó að spár geri ráð fyrir að stýrivextir hjaðni á ný þegar líður á árið. Mikilvægt er að aðilar á vinnumarkaði og hið opinbera taki höndum saman, svo hægt sé að ná stjórn á þrálátri verðbólgu.

Íslandsbanki fylgist vel með greiðslugetu viðskiptavina sinna, en það er ekki fyrr en á síðara hluta þessa árs sem nokkur hluti viðskiptavina á föstum vöxtum mun þurfa að endurfjármagna lán sín. Áfram er þó stór hluti viðskiptavina með fasta vexti. Þó vissulega sé vonast til að staðan verði önnur í loks árs höfum við hafið undirbúning þess hvernig hægt sé að styðja við viðskiptavinum á krefjandi tímum sem þessum.

Síðan er rétt að hafa í huga, að innláns-eigendur hafa notið góðs af háu vaxtastigi að undanfögnu. Aukin samkeppni er á þeim markaði, bæði um innlán og kort og sú samkeppni er neytendum til góða.

Samrunaviðræður

Í síðasta mánuði var tilkynnt til Kauphallar að Kvika banki hefði óskað eftir samrunaviðræðum við Íslandsbanka. Stjórn bankans tók vel í þá beiðni og er verið að taka fyrstu skrefin í þeim viðræðum. Bankinn hafði í sinni stefnumótunarvinnu haft hug á frekari vexti. Þessar viðræður eru því í samræmi við þá vegferð. Það eru fjölmörg tækifæri í samruna við Kviku, en skoða þarf hlutina vel og vanda til verka. Íslandsbanki þekkir vel til samruna við aðrar fjármálastofnanir og má þar nefna sameininguna við BYR. Samruni við Kviku mun þýða 8% aukningu í útlánum og 13% aukningu í innlánum. Viðræður við eftirlitsaðila eru mikilvægur þáttur í ferlinu framundan og þær munu ráða miklu um árangur verkefnisins.

Eftir vel heppnaða skráningu bankans á markað árið 2021 þegar hluthafar bankans fóru úr einum í 24 þúsund hélt sala á hlut ríkisins áfram á síðasta ári. Ríkið seldi þá 22,5% hlut. Salan fór fram með tilboðsfyrirkomulagi og ríkissjóður náði þar fjárhagslegum markmiðum sínum. Sú sala var umdeild líkt og víða hefur komið fram. Bankinn hefur móttakið frummat fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands sem snýr að framkvæmd bankans við síðari hluta sölnunnar. Í kjölfarið óskaði bankinn eftir að hefja sáttaferli. Á meðan á því ferli stendur hefur bankinn ekki viljað tjá sig um efnislega þætti aðra en þá sem fram hafa

komið. Þó salan í heild sinni hafi verið ríkinu hagfelld voru ákveðnir þættir í framkvæmdinni sem hefðu betur mátt fara. Bankinn hefur lagt áherslu á að draga lærdóm af verkefninu og að bregðast við athugasemdum, meðal annars með breytingum á reglum og verkferlum.

Tillögur til aðalfundar:

Áður en ég fer yfir tillögur til aðalfundar ber mér skylda að koma fram upplýsingum **skv. 66.gr.a. í lögum um ársreikninga.**

Í lögum um ársreikninga er mælt fyrir um að félög sem hafa fengið skráningu fyrir einn eða fleiri flokka hlutabréfa sinna í kauphöll, skuli gera grein fyrir ýmsum þáttum um hlutabréfin, réttindi yfir þeim o.fl. á aðalfundi. Allir hlutir í bankanum eru í sama flokki og engar takmarkanir eru á framsali þeirra. Engir hlutir veita sérstök stjórnunarréttindi og bankinn hefur ekki tekið upp kaupréttaráætlun fyrir starfsmenn. Atkvæðisréttur hluta er jafn og án takmarkana, og er stjórn bankans ókunnugt um að nokkrir samningar hafi verið gerðir sem geta haft í för með sér takmarkanir varðandi framsal eða atkvæðisrétt. Félaginu er ekki kunnugt um samninga milli hluthafa sem geta haft í för með sér takmarkanir hvað varðar framsal eða atkvæðisrétt. Á síðasta aðalfundi var stjórn veitt tímabundin heimild til að kaupa fyrir hönd bankans eigin hluti sem nemur allt að 10% af hlutafé hans. Fyrir fundinum í dag liggur tillaga um sambærilega heimild. Loks hafa engir samningar verið gerðir við stjórnarmenn eða starfsmenn um greiðslur eða bætur ef þeir segja upp eða ef þeim er sagt upp án gildrar ástæðu eða ef starfi þeirra lýkur vegna yfirtökutilboðs.

Ég fer þá yfir tillögur til aðalfundar.

Fyrir fundinum liggja fyrir tillögur í samræmi við hlutafélagalög og lög um fjármálafyrirtæki.

Í fyrsta lagi leggur stjórn bankans til að 12,3 milljarðar króna af hagnaði ársins 2022 verði greiddir í formi arðs til hluthafa. Greiðslan samsvarar um 50% af hagnaði ársins 2022 og er í samræmi við langtímastefnu bankans um u.þ.b. 50% arðgreiðsluhlutfall. Stjórnin áskilur sér rétt til að boða til sérstaks hluthafafundar síðar á árinu þar sem tillaga um greiðslu arðs af hagnaði fyrri rekstrarára eða endurkaup á eigin bréfum kann að vera lögð fram.

Í öðru lagi gera Bankasýsla ríkisins og tilnefningarnefnd Íslandsbanka tillögu um að stjórn bankans verði þannig skipuð:

Stjórnarformaður verði
Finnur Árnason

Aðrir stjórnarmenn verði:
Agnar Tómas Möller
Anna Þórðardóttir
Ari Danielsson
Frosti Ólafsson
Guðrún Þorgeirsdóttir
Valgerður Hrund Skúladóttir.

Þá er lagt til að **Herdís Gunnarsdóttir** og **Páll Grétar Steingrímsson** verði kjörin varamenn í stjórn.

Í þriðja lagi er lagt til að Ernst og Young verði áfram falið að endurskoða reikninga félagsins.

Í fjórða lagi er lagt til að laun stjórnarmanna verði hækkuð um því sem næst 6,75% frá fyrra ári.

Í fimmta lagi liggur fyrir fundinum tillaga að uppfærðri starfskjarastefnu. Breytingarnar sem

lagðar eru til eru gerðar til að endurspeglar kröfur samkvæmt nýlegum breytingum á lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 samkvæmt ákvæðum 57. a og 57. e. greinum laganna um hlutverk starfskjaranefnda og markmið starfskjarastefna fjármálafyrirtækja.

Í sjötta lagi liggur fyrir fundinum tillaga að uppfærðum starfsreglum tilnefningarnefndar. Breytingar á reglunum eru gerðar til samræmis við nýlegar breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, um hlutverk tilnefningarnefnda fjármálafyrirtækja og leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins.

Í sjöunda lagi liggja fyrir breytingartillögur að samþykktum félagsins. Breytingarnar endurspeglar heimild skilavalds Seðlabanka Íslands til skilaaðgerða í samræmi við lög um skilameðferð lánastofnana og verðbréfa-fyrirtækja nr. 70/2020.

Að lokum er gerð tillaga um endurnýjun á heimild til kaupa á eigin bréfum sem er hluti af markmiðum um endurskipulagningu á eigin fé bankans. Birna mun stuttlega víkja að þessu í kynningu sinni.

Að lokum vill ég þakka starfsfólki Íslandsbanka fyrir gott ár og þeirra ómetanlega framlag. Fyrir ári síðan tók ég sæti í stjórn bankans með öflugum hópi fólks. Það er óhætt að segja að árið hafi verið viðburðaríkt og ekki verið mikill lognmolla á starfstímanum. Það er mikill kraftur og eldmóður í starfsfólki bankans, sem er ávallt lausnamiðað í öllum verkefnum. Birna Einarsdóttir og stjórnendur eiga þakkir skildar fyrir trausta forystu, þar sem árangur og stefnumiðaðar ákvarðanir eru hafðar að leiðarljósi. Þetta endurspeglar í mjög sterkri stöðu bankans. Í íslensku samfélagi er Íslandsbanki með sönnu hreyfið til góðra verka.